

Ed. 563. Frumvarp til laga [320. mál]

um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

**I. KAFLI
Vísindaráð.**

1. gr.

Vísindaráð er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

Það er hlutverk Vísindaráðs að efla íslenskar vísindarannsóknir í þeim tilgangi að afla þekkingar og skilnings á eðli mannsins og umhverfi hans og búa í haginn fyrir farsæla nýtingu náttúrugæða.

Um verkaskiptingu Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins fer eftir lögum þessum, svo og nánari ákvæðum í reglugerð er ráðherra setur að fengnum tillögum beggja ráðanna.

2. gr.

Verkefni Vísindaráðs í samræmi við hlutverk ráðsins skv. 1. gr. eru m.a. þessi:

1. Vísindaráð er ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt er varðar rannsóknir á verksviði þess, þar á meðal tillögur um framlög ríkissjóðs til vísindastarfsemi. Ráðið skal gera tillögur um stefnumörkun fyrir vísindastarfsemi í landinu og fylgjast með starfi og skipulagi vísindastofnana.
2. Vísindaráð veitir styrki til rannsóknaverkefna af því fé sem Vísindasjóður hefur til ráðstöfunar í því skyni á ári hverju. Fela má ráðinu úthlutun styrkja sem veittir eru til Íslands af alþjóðastofnunum og ætlaðir eru til vísindarannsókna.
3. Í samvinnu við Rannsóknaráð ríkisins heldur Vísindaráð skýrslur um þær vísindarannsóknir, sem unnið er að hér á landi hverju sinni, annast upplýsingaþjónustu um vísindarannsóknir og stuðlar að nauðsynlegu samstarfi milli þeirra aðila er að rannsóknnum vinna. Einnig getur það tekið að sér dreifingu og staðið fyrir útgáfu vísindarita.
4. Vísindaráð hefur fyrir Íslands hönd samstarf við hliðstæðar stofnanir erlendis og alþjóðastofnanir. Það hefur einnig eftirlit með rannsóknnum erlendra vísindamanna hér á landi á starfssviði ráðsins og fjallar um leyfisveitingar til slíkra rannsókna á þeim sviðum þar sem þeirra er krafist samkvæmt lögum.
5. Vísindaráð ásamt Rannsóknaráði ríkisins lætur skrá yfirlit um tækjæign rannsóknastofnana og stuðlar að samnýtingu tækja eftir því sem hagkvæmt þykir.

3. gr.

Vísindaráð greinist í þrjár deildir:

1. Náttúruvísindadeild.
2. Líf- og læknisfræðideild.
3. Hug- og félagsvísindadeild.

Kveðið skal nánar á í reglugerð um starfssvið og verkefni einstakra deilda.

Stjórnir deilda, sbr. 5. gr., og stjórn ráðsins, sbr. 4. gr., mynda saman Vísindaráð.

4. gr.

Stjórn Vísindaráðs skal skipuð fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar stjórn Vísindaráðs til fjögurra ára sem hér segir: a) formenn deildarstjórna Vísindaráðs, b) einn tilnefndan af Háskóla Íslands og c) einn án tilnefningar, og skal hann vera formaður ráðsins.

Stjórn Vísindaráðs hefur umsjón með heildarskipulagi vísindastarfsemi í landinu og fjallar um tillögur deilda í því efni áður en þær eru sendar stjórnvöldum.

Stjórn Vísindaráðs er í fyrirsvari fyrir ráðið gagnvart stjórnvöldum og öðrum aðilum og sér um fjárvörslu Vísindasjóðs. Hún ákveður einnig hvernig skipta skuli ráðstöfunarfé Vísindasjóðs á milli deilda ráðsins.

Stjórn Vísindaráðs boðar til sameiginlegs fundar með deildarstjórnnum eigi sjaldnar en tvisvar á ári til að fjalla um meginstefnu í störfum ráðsins.

5. gr.

Menntamálaráðherra skipar deildarstjórnir til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

- a. Stjórn náttúruvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af raunvísindadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af verkfræðideild Háskóla Íslands, tveir tilnefndir af rannsóknastofnunum í náttúruvísindum utan Háskólans og tveir af fundi fulltrúa atvinnuveganna og fulltrúa félaga sem fást við rannsóknir á sviði náttúruvísinda.
- b. Stjórn líf- og læknisfræðideildar er skipuð sjö mönnum. Skulu þrír tilnefndir af læknadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af tannlæknadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af raunvísindadeild Háskóla Íslands og tveir tilnefndir af fundi fulltrúa stofnana og félaga sem fást við læknis- og líffræðilegar rannsóknir.
- c. Stjórn hug- og félagsvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Skulu tveir tilnefndir af heimspekideild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af lagadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af viðskiptadeild Háskóla Íslands, einn tilnefndur af félagsvísindadeild Háskóla Íslands og tveir tilnefndir af fundi stofnana og félaga sem fást við rannsóknir á sviði hug- og félagsvísinda.
- d. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.
- e. Aðalmenn og varamenn í deildarstjórnnum skulu hafa háskólapróf eða sambærilega menntun í viðkomandi fræðigrein.
- f. Menntamálaráðherra boðar til funda þeirra sem um getur í a- til c-liðum og skal ákveðið í reglugerð hverja þangað skuli boða.
- g. Deildarstjórnir kjósa sér hver sinn formann.

Deildarstjórnir fylgjast með skipulagningu vísindastarfsemi í landinu hver á sínu sviði og eru stjórnvöldum til ráðuneytis í því efni. Þær skulu hafa frumkvæði um vísindastefnu, hlutast til um gerð langtímaáætlana og leggja á ráð um forgangsröðun verkefna.

Deildarstjórnir úthluta styrkjum af fé Vísindasjóðs sem þær fá til ráðstöfunar og hafa eftirlit með því að þeim sé varið í samræmi við það sem áskilið var er þeir voru veittir. Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Stjórn deildar getur þó að eigin frumkvæði boðið innlendum eða erlendum vísindamanni fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Styrk má veita til allt að þriggja ára í senn. Deildir Vísindaráðs skulu ekki sjálfar vera beinir aðilar að rannsóknum.

6. gr.

Stjórn Vísindaráðs ræður framkvæmdastjóra ráðsins til fimm ára í senn. Ráðning hans er háð staðfestingu ráðherra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið að fengnum tillögum ráðsins. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir, fjárreiður og reikningsskil. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi.

7. gr.

Rekstrarkostnaður Vísindaráðs greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingum í fjárlögum ár hvert.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til ráðsmanna.

8. gr.

Reikningar Vísindaráðs, þar með taldir reikningar Vísindasjóðs, skulu endurskoðaðir árlega af ríkisendurskoðun. Eftir lok hvers reikningsárs skal senda menntamálaráðuneytinu skýrslu um störf ráðsins ásamt samriti af ársreikningum.

II. KAFLI Vísindasjóður.

9. gr.

Það er hlutverk Vísindasjóðs að efla íslenskar vísindarannsóknir.

Í þessum tilgangi styrkir sjóðurinn vísindastofnanir og einstaklinga vegna tiltekinna rannsóknaverkefna og vísindalegrar sérþjálfunar. Einnig getur hann styrkt rannsóknastofnanir til kaupa á tækjum, ritum og öðru sem til rannsókna þarf.

10. gr.

Tekjur Vísindasjóðs eru:

- a. Fjárveiting úr ríkissjóði í fjárlögum ár hvert.
- b. Fjárframlag frá Seðlabanka Íslands skv. 37. gr. laga nr. 36/1986.
- c. Gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum, en þær skulu undanskildar sköttum og frádráttarhæfar frá skatttekjum á því ári sem þær eru afhentar.

Hluta af árlegum peningatekjum Vísindasjóðs skal samkvæmt ákvörðun stjórnar Vísindaráðs leggja í sérstakan sjóð er nefnist stofndeild Vísindasjóðs. Höfuðstól stofndeildar má ekki skerða en heimilt er að verja vöxtum af fé hennar til almennrar starfsemi sjóðsins.

11. gr.

Stjórn Vísindaráðs skiptir árlegu ráðstöfunarfé Vísindasjóðs á milli deilda ráðsins en deildarstjórnir taka ákvörðun um styrkveitingar til einstakra verkefna, sbr. 4. og 5. gr.

III. KAFLI Rannsóknaráð ríkisins.

12. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

13. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í raunvísindum og tækni og rannsóknum á auðlindum lands og sjávar. Það skal vera

ríkisstjórn og Alþingi til ráðuneytis um allt er varðar hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna, þar á meðal tillögur um framlög ríkissjóðs til þeirrar starfsemi.

Ráðið skal gera tillögur um stefnumörkun fyrir hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi í þágu atvinnuveganna og fylgjast með starfi og skipulagi rannsóknastofnana á því sviði.

14. gr.

Í Rannsóknaráði ríkisins skulu eiga sæti sjö menn skipaðir af menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn eins og hér segir:

Einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu forstjóra rannsóknastofnana atvinnuveganna, Iðntæknistofnunar Íslands og Orkustofnunar.

Einn samkvæmt tilnefningu verkfræðideildar og raunvísindadeildar Háskóla Íslands í sameiningu.

Einn samkvæmt tilnefningu starfandi vísindamanna í raunvísindum eftir nánari ákvæðum í reglugerð.

Einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra.

Einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra.

Einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra.

Einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins. Hann skal hafa víðtæka reynslu á sviði raunvísinda.

Varamenn skulu tilnefndir af sömu aðilum. Menntamálaráðherra skipar varaformann úr hópi ráðsmanna. Ráðherra ákveður þóknun til ráðsmanna.

15. gr.

Rannsóknaráð ræður framkvæmdastjóra til fimm ára í senn. Ráðning er háð staðfestingu ráðherra. Framkvæmdastjóri ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir, fjárreiður og reikningsskil. Hann skal hafa lokið háskólaprófi.

16. gr.

Rekstrarkostnaður Rannsóknaráðs ríkisins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt fjárveitingum í fjárlögum ár hvert.

17. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins á þeim sviðum sem talin eru í 13. gr. skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náð samstarf við rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir rannsóknastarfsemi sem fram fer í landinu á starfssviði ráðsins og gera tillögur til úrbóta ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt. Rannsóknaráð framkvæmir ekki rannsóknir.
2. Gerð langtímaáætlunar um þróun hagnýtra rannsókna og þróunarstarfsemi. Ráðið skal beita sér fyrir framkvæmd slíkrar áætlunar í samráði við rannsóknastofnanir og samtök atvinnulífsins, m.a. með því að vera til ráðuneytis og gera tillögur um framlag ríkissjóðs til rannsóknastarfseminnar og leita eftir framlagi til hennar eftir öðrum leiðum.
3. Úthlutun styrkja til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana til rannsókna, samkvæmt nánari ákvæðum í 18. gr. Fela má ráðinu úthlutun styrkja sem veittir eru til Íslands af alþjóðastofnunum og ætlaðir til rannsókna í þágu atvinnuveganna.
4. Yfirumsjón með óráðstöfuðu landsvæði og sameiginlegum byggingum og tækjum fyrir rannsóknastofnanir atvinnuveganna skv. 59. gr. laga nr. 64/1965, svo og úthlutun styrkja úr Byggingarsjóði rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 19. gr. þessara laga og 61. gr. laga nr. 64/1965 (sbr. lög nr. 22/1973).

5. Fræðsla og kynning á rannsóknastarfseminni, m.a. með ársfundi, ársskýrslu og ráðstefnum.
6. Að stuðla að upplýsingaþjónustu sem vinni bæði að því að koma upplýsingum frá rannsóknastarfseminni á framfæri við atvinnuvegina og upplýsingaöflun fyrir rannsóknastarfsemina.
7. Að eiga samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
8. Eftirlit með starfsemi erlendra vísindamanna hér á landi á þeim sviðum, sem ráðið fjallar um.
9. Önnur þau verkefni sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

IV. KAFLI

Rannsóknasjóður.

18. gr.

Myndaður skal Rannsóknasjóður í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins. Hlutverk Rannsóknasjóðs er að efla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarfsemi til nýsköpunar og styrktar íslensku atvinnulífi. Tekjur þess sjóðs skulu m.a. vera sem hér segir:

1. Fjárveiting í fjárlögum ár hvert.
2. Framlög úr Framkvæmdasjóði Íslands, samkvæmt ákvörðun stjórnar hans, er miðist við að lágmarki 10% af hreinum tekjum sjóðsins.
3. Tekjur af einkaleyfum eða endurgreiðslur af styrkjum til verkefna sem notið hafa stuðnings sjóðsins og leitt til arðbærrar framleiðslu.

Sjóður þessi getur veitt styrki til rannsóknaverkefna einstakra vísindamanna, rannsóknastofnana og fyrirtækja. Rannsóknaráð ríkisins tekur á mótí umsóknum um styrki úr sjóðnum og skipar sérfróða menn til þess að meta slíkar umsóknir. Ráðið ákveður styrkveitingar. Þær skulu háðar samþykki menntamálaráðherra.

Styrkur er að jafnaði ekki veittur nema eftir umsókn. Rannsóknaráð getur þó boðið innlendum eða erlendum vísindamanni, forstöðumanni rannsóknastofnunar eða fyrirtæki fjárstyrk til ákveðinna rannsókna. Einnig getur Rannsóknaráð að eigin frumkvæði veitt styrki til að undirbúa eða skipuleggja rannsókn- eða þróunarverkefni á sviðum sem ráðið telur mikilvæg.

Niðurstöður af verkefnum, sem notið hafa stuðnings úr Rannsóknasjóði, skulu að jafnaði birtar opinberlega í tímaritum eða skýrslum sem skulu vera aðgengilegar fyrir almenning á Íslandi. Þó skal styrkþega heimilt að óska þess að niðurstöðum verði haldið leyndum. Skal styrkþegi þá endurgreiða raunvirði hins veitta styrks með kjörum sem nánar er kveðið á um í samningi.

Menntamálaráðuneytið setur reglur um úthlutanir úr Rannsóknasjóði að fengnum tillögum Rannsóknaráðs.

V. KAFLI

Byggingarsjóður rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna.

19. gr.

Byggingarsjóður rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sbr. 61. gr. laga nr. 64/1965 (sbr. lög nr. 22/1973), er í vörslu Rannsóknaráðs ríkisins. Tekjur þess sjóðs skulu m.a. vera sem hér segir:

1. Fjárveitingar í fjárlögum.
2. Einkaleyfisgjald af Happdrætti Háskóla Íslands.

Sjóður þessi veiti styrki til meiri háttar tækjakaupa og byggingarframkvæmda. Rannsóknaráð ríkisins ákveður styrkveitingar úr sjóðnum. Þær skulu háðar samþykki menntamálaráðherra.

VI. KAFLI

Samvinna Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins.

20. gr.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins skulu hafa með sér nána samvinnu. Sú samvinna skal einkum lúta að eftirfarandi atriðum:

- a. Mótun samræmdrar vísinda- og tæknistefnu í landinu.
- b. Eflingu og samræmingu grundvallarrannsókna og hagnýtra rannsókna í þágu atvinnuveganna svo sem kostur er.
- c. Móttöku og afgreiðslu umsókna til Vísindasjóðs og Rannsóknasjóðs og samræmingu á meðferð og mati á umsóknum, svo og eftirliti með framkvæmd verkefna sem hljóta styrki.
- d. Öflun upplýsinga og yfirlits um allar rannsóknir og þróunarstarfsemi í landinu á hverjum tíma og miðlun upplýsinga um þau efni.
- e. Kynningu á rannsóknastarfseminni með ársfundum, ársskýrslum og ráðstefnum.
- f. Samvinnu við erlendar stofnanir á sviði vísinda- og tæknimála og þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á því sviði.
- g. Eftirliti með starfsemi erlendra vísindamanna hér á landi.

Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins skulu reglulega skila sérstakri skýrslu til ráðherra um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu og skal hún ásamt greinargerð ráðherra lögð fyrir Alþingi til kynningar og umfjöllunar.

Setja skal á stofn samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er skipuð skal tveimur fulltrúum hvors ráðs og oddamanni er menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að tryggja samvinnu ráðanna og fjalla um þau mál sem þeim eru sameiginleg og varða verkaskiptingu þeirra.

Komið skal á samstarfi milli ráðanna um rekstur skrifstofu og önnur þjónustustörf eftir því sem við verður komið.

VII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

21. gr.

Tæki og annar búnaður sem keypt eru fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði skulu undanþegin aðflutningsgjöldum.

22. gr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari framkvæmd þessara laga.

23. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 51/1957, um Vísindasjóð, sbr. lög nr. 34/1971, svo og I. kafli (1.–8. gr.) laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Eignir Vísindasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum nr. 51/1957, falla til Vísindasjóðs sem mælt er fyrir um í þessum lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði í 14. gr. skulu við fyrstu skipun í Rannsóknaráð ríkisins þrír af þeim, sem skipaðir eru, aðrir en formaður, skipaðir til tveggja ára samkvæmt nánari ákvörðun menntamálaráðherra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Inngangur.

Haustið 1977 skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Vilhjálmur Hjálmarsson, nefnd til að endurskoða gildandi lagaákvæði um Rannsóknaráð ríkisins, sbr. lög nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, og samtímis aðra nefnd til að endurskoða lög um Vísindasjóð (nr. 51/1957, sbr. og lög nr. 34/1971). Samkvæmt skipunarbréfi var þeirri nefnd m.a. ætlað að kanna hvort tiltækilegt mundi að stjórnnum deilda Vísindasjóðs (hugvísindadeildar og raunvísindadeildar) yrði falið að gegna hlutverki rannsóknaráðs, hvorri á sínu sviði undirstöðurannsóknna. Þess var óskað að endurskoðunarnefndirnar tvær hefðu samráð og samstarf sín í milli í því skyni að tillögur þeirra gætu orðið sem traustastur grundvöllur ákvarðana um heildarskipan vísindamála. Jafnframt var boðað að nefndirnar mundu verða beðnar að fjalla í sameiningu um tillögur sem fyrir lágu um stofnun sérstaks rannsóknaráðs á sviði læknisfræði.

Í fyrirtöldu nefndina (um Rannsóknaráð ríkisins) voru skipaðir Steingrímur Hermannsson, þáv. framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs, formaður, dr. Ásbjörn Einarsson, þáv. deildarstjóri í Rannsóknastofnun iðnaðarins, dr. Björn Dagbjartsson, þáv. forstjóri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Ellert B. Schram alþingismaður og Sveinbjörn Björnsson, þáv. stjórnarformaður Raunvísindastofnunar Háskólans.

Í síðartöldu nefndina (um Vísindasjóð) voru skipaðir dr. Ólafur Bjarnason, formaður stjórnar Vísindasjóðs, formaður, dr. Guðmundur Pálmason, þáv. formaður stjórnar raunvísindadeildar sjóðsins, dr. Jóhannes Nordal, formaður stjórnar hugvísindadeildar, Guðlaugur Þorvaldsson, þáv. háskólarektor, dr. Jónas Kristjánsson, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi, og dr. Sigmundur Guðbjarnason, þáv. formaður framkvæmdanefndar Rannsóknaráðs ríkisins.

Vísindasjóðsnefndin skilaði álitum í júní 1981 með tillögum að framvarpi til laga um Vísindaráð ríkisins. Rannsóknaráðsnefnd skilaði álitum í maí 1982 með tillögum að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, þ.e. þeim ákvæðum er varða Rannsóknaráð ríkisins.

Tillögur nefndanna voru í samræmi við sameiginlega málamiðlunarniðurstöðu þeirra um skipan rannsóknaráða fyrir vísindalega rannsóknastarfsemi í landinu. Sú skipan fól í sér að auk Rannsóknaráðs ríkisins, er fjalla skyldi um hagnýtar rannsóknir í raunvísindum og tækni, yrði komið á fót Vísindaráði ríkisins er greindist í þrjár deildir: Náttúruvísindadeild, líf- og læknisfræðideild og hug- og félagsvísindadeild. Jafnframt var gert ráð fyrir samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er ynni að því að tryggja eðlilega samvinnu og verkaskiptingu ráðanna. Fram kom að vísindasjóðsnefnd hefði hallast að því að stofnað yrði eitt sameiginlegt rannsóknaráð er tæki yfir öll svið vísindastarfsemi í landinu en starfaði í fjórum deildum. Rannsóknaráðsnefnd hafnaði hins vegar þeirri leið þar sem hún taldi að með því móti gæti reynst erfitt að skapa nausynleg tengsl atvinnuveganna við rannsóknir í þeirra þágu en tryggja jafnframt sjálfstæði annarrar rannsóknastarfsemi.

Síðan nefndirnar skiluðu álitum hafa tillögur þeirra verið til athugunar og meðferðar með ýmsum hætti. M.a. var fjallað sérstaklega um frumvarpsdrögin á fundi í Rannsóknaráði ríkisins í nóvember 1983 og í framhaldi af þeim umræðum voru tillögurnar sendar ýmsum aðilum til umsagnar. Að tilhlutan menntamálaráðuneytisins var m.a. hugað sérstaklega að möguleikum á því að sameina frumvarpsdrögin með þeim hætti að stofnað yrði eitt vísinda- og rannsóknaráð, deildaskipt, í stað þess að hafa tvö sjálfstæð ráð, en um þetta atriði höfðu skoðanir reynst skiptar eins og áður segir.

Frumvarp það sem hér liggur fyrir er í meginatriðum reist á tillögum nefndanna tveggja sem að framan getur. Þó er valin sú leið að sameina ákvæðin um Vísindaráð og Rannsóknaráð í eina löggjöf með allitarlegum ákvæðum um samstarf þeirra, bæði að því er varðar stefnumótun og framkvæmdaatriði.

Meginatriði frumvarpsins.

Markmið þessa frumvarps er fjórþætt:

1. Að víkka starfssvið Vísindasjóðs, bæta við ráðgefandi og stefnumótandi hlutverki með myndun Vísindaráðs;
2. að veita Rannsóknaráði ríkisins ekki aðeins ráðgefandi og stefnumótandi hlutverk heldur fela því jafnframt úthlutun rannsóknastyrkja til hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna;
3. að efla samstarf rannsóknaaðila í landinu og skapa vettvang samskipta og verkaskiptingar þeirra sem um þessi mál fjalla;
4. að treysta fjárhagsgrundvöll íslenskra vísindarannsókna.

Helstu nýmæli:

1. Vísindaráð. Stofnað verður Vísindaráð er greinist í þrjár deildir: Náttúruvísinda-deild, líf- og læknisfræðideild og hug- og félagsvísindadeild. Gert er ráð fyrir að Vísindasjóður starfi áfram sem fjárhagslega sjálfstæður aðili en verði undir stjórn Vísindaráðs. Vísindaráð (stjórn þess og deildarstjórnir) tekur að því leyti við verkefnum núverandi stjórnar og deildarstjórna Vísindasjóðs en fær auk þess almennt hlutverk rannsóknaráða (m.a. stefnumótun og ráðgjöf við stjórnvöld) á þeim sviðum vísinda sem starfsemi þess tekur til.

2. Rannsóknaráð. Fulltrúum í Rannsóknaráði ríkisins fækkar úr 21 í 7 og verða þeir skipaðir með öðrum hætti en samkvæmt gildandi lögum. Felldur er brott sá þáttur úr verkefnum Rannsóknaráðs sem lýtur að því að ráðið standi sjálft að athugun á nýtingu náttúruauðæfa landsins. Jafnframt er verksvið ráðsins takmarkað við hagnýtar rannsóknir, meira en gert er í gildandi lögum.

3. Rannsóknasjóður. Gert er ráð fyrir lögfestingu rannsóknasjóðs sem Rannsóknaráð ríkisins veitir styrki úr til hagnýtra rannsókna og þróunarverkefna.

4. Niðurfelling aðflutningsgjalda. Lagt er til að tæki og annar búnaður sem keyptur verður fyrir fé úr Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði skuli undanþeginn tollum og öðrum aðflutningsgjöldum.

5. Samstarfsnefnd. Gert er ráð fyrir fimm manna samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs er skipuð skal tveimur fulltrúum hvors ráðs og oddamanni er menntamálaráðherra skipar án tilnefningar. Hlutverk samstarfsnefndarinnar er að tryggja samvinnu ráðanna og fjalla um þau mál sem þeim eru sameiginleg og varða verkaskiptingu þeirra. Komið skal á samstarfi milli ráðanna um rekstur skrifstofu og önnur þjónustustörf eftir því sem við verður komið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um stofnun Vísindaráðs og hlutverk þess.

Um 2. gr.

Í þessari grein eru verkefni Vísindaráðs skilgreind. Vísindaráð veitir styrki til rannsóknaverkefna af því fé sem Vísindasjóður hefur til ráðstöfunar, sbr. 2. gr. núgildandi laga um Vísindasjóð. Að auki skal Vísindaráð (stjórn þess og deildarstjórnir): a) gera tillögur um stefnumörkun fyrir vísindastarfsemi í landinu og fylgjast með starfsemi vísindastofnana, b) halda skýrslur um þær vísindarannsóknir sem unnið er að hér á landi og stuðla að auknu samstarfi á þessum vettvangi, c) stuðla að auknu samstarfi við erlenda aðila, d) stuðla að samnýtingu tækja, eftir því sem hagkvæmt þykir.

Eitt af mikilvægum verkefnum Vísindaráðs verður formlegt samband við hliðstæðar stofnanir erlendis en slíkan aðila vantar á vettvangi grunnrannsókna.

Um 3. gr.

Hér er kveðið á um skiptingu Vísindaráðs í þrjár deildir: 1) náttúruvísindadeild, 2) líf- og læknisfræðideild og 3) hug- og félagsvísindadeild í stað tveggja deilda, raunvísindadeildar og hugvísindadeildar, í 3. gr. gildandi laga.

Um 4. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan og hlutverk stjórnar Vísindaráðs. Til að auðvelda samstarf stjórnar Vísindaráðs og deildarstjórna er lagt til að formenn hinna þriggja deilda ráðsins eigi sæti í stjórninni. Einnig er lagt til að stjórn Vísindaráðs hafi með höndum mun viðtækara verkefni en stjórn Vísindasjóðs hefur samkvæmt núgildandi lögum um Vísindasjóðs.

Um 5. gr.

Í þessari grein er fjallað um skipan deildarstjórna. Lagt er til að allmargir fulltrúar í deildarstjórnnum séu tilnefndir af ýmsum deildum Háskólans. Um stofnanir og félagasamtök sem tilnefna aðra fulltrúa skal kveðið á í reglugerð. Gert er ráð fyrir að deildarstjórnir verði skipaðar sjö mönnum í stað fimm samkvæmt lögum um Vísindasjóð. Skapar þetta meiri faglega breidd í deildarstjórnir og stuðlar að því að á fundum deildarstjórnar sé ávallt til staðar meiri hluti fastafulltrúa og þá væntanlega starfhæfari eining.

Deildarstjórnnum er ætlað hlutverk rannsóknaráða, hverri á sínu sviði, mótun vísindastefnu, gerð langtímaáætlana og úthlutun styrkja af fé Vísindasjóðs sem þær fá til ráðstöfunar.

Um 6.–7. gr.

Hér er gert ráð fyrir ráðningu framkvæmdastjóra í stað ritara deilda Vísindasjóðs samkvæmt núverandi starfsháttum. Jafnframt verður að gera ráð fyrir einum til tveimur starfsmönnum miðað við áætluð umsvif Vísindaráðs. Vakin er athygli á að gert er ráð fyrir samvinnu Vísindaráðs og Rannsóknaráðs um skrifstofuhald, sbr. 20. gr. Gert er ráð fyrir þóknun til vísindaráðsmanna vegna aukinna verkefna en stjórn og deildarstjórnir Vísindasjóðs eru nú ólaunaðar.

Um 8. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 9. gr.

Í þessari grein er fjallað um hlutverk Vísindasjóðs til eflingar íslenskum vísindarannsóknnum. Ekki er gert ráð fyrir að veita fé úr Vísindasjóði til hefðbundins náms svo sem doktorsnáms.

Um 10. gr.

Hér er fjallað um tekjustofna Vísindasjóðs. Gert er ráð fyrir að hann njóti áfram árlegrar fjárveitingar í fjárlögum og framlags af arði Seðlabanka Íslands, auk gjafa sem sjóðnum kunna að berast. Framlag Seðlabankans er nú aðaltekjustofn Vísindasjóðs, en heildarráðstöfunartekjur hans árið 1986 voru um 86 milljónir króna.

Um 11. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 12. gr.

Ákvæðin um Rannsóknaráð ríkisins í þessu frumvarpi koma í stað 1.–8. gr. laga nr. 64/1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Þessi grein svarar til 1. gr. þeirra laga og er óbreytt.

Um 13. gr.

Í þessari grein eru ákvæði 3. og 5. gr. laga nr. 64/1965 sameinuð til að lýsa með almennu orðalagi hlutverki Rannsóknaráðs á sviði hagnýtra rannsókna og tækni til aðgreiningar frá hlutverki Vísindaráðs skv. 1. og 2. gr. þessa frumvarps.

Um 14. gr.

Þessi grein, um skipan Rannsóknaráðs ríkisins, felur í sér hvað mesta breytingu frá eldri lögum. Í lögum frá 1965 er gert ráð fyrir 21 manni í Rannsóknaráði með menntamálaráðherra í forsæti og síðan fimm manna framkvæmdanefnd. Í reynd hefur gengið erfiðlega að ná saman fullskipuðum fundum hjá ráðinu, sérstaklega vegna fjarveru alþingismanna í ráðinu. Oft hefur liðið langt á milli funda og samhengi vantað í starfsemi þess. Framkvæmdanefndin hefur verið hinn virki aðili sem markað hefur stefnuna í störfum ráðsins, haft yfirumsjón með daglegum störfum þess og verið framkvæmdastjóra til trausts og halds.

Í framkvæmdanefndinni hafa jafnan setið menn úr Rannsóknaráði sem talist gætu fulltrúar fyrir ákveðna aðila. Með því að gera hér tillögu um sjö ráðsmenn er leitast við að koma á fót rannsóknaráði, sem í heild getur starfað sem líkast því sem framkvæmdanefndin hefur gert. Við þá fækkun, sem gert er ráð fyrir, er ekki ólíklegt að einhverjum aðila þyki sinn hlutur fyrir borð borinn. Þó er leitast við að gæta þess að sem flest sjónarmið komist að. Mikilvægt er að ráðuneyti iðnaðar, landbúnaðar og sjávarútvegs tilnefni fulltrúa með góða þekkingu á viðkomandi atvinnuvegum.

Ekki er nú gert ráð fyrir því að Alþingi kjósi menn úr sínum hópi í Rannsóknaráð. Hins vegar er reiknað með að málefni vísinda og tækni komi reglulega til meðferðar hjá Alþingi með þeim hætti að ráðherra leggi fyrir það skýrslu sem Rannsóknaráð og Vísindaráð taki saman skv. 20. gr. þessa frumvarps.

Lagt er til að einn ráðsmanna sé starfandi vísindamaður, valinn úr hópi þeirra sem starfa á Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Iðntæknistofnun Íslands, Orkustofnun, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands og Raunvísindastofnun. Vera má að hér þyki um nokkuð stóran og ósamstæðan hóp að ræða, en tillaga um fulltrúa slíks hóps í Rannsóknaráð er ekki ný af nálinni og þykir rétt að það sjónarmið komist á framfæri nú. Menntamálaráðuneytið yrði að hafa forustu um boðun fundar til þess að kjósa þennan fulltrúa.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru gerðar sömu kröfur og nú til framkvæmdastjóra. Hann skal hafa lokið háskólaprófi. Hins vegar er gert ráð fyrir því að framkvæmdastjóri sé aðeins ráðinn til fimm ára í senn.

Um 16. gr.

Hér er kveðið á um að rekstrarkostnaður Rannsóknaráðs greiðist úr ríkissjóði svo sem verið hefur.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru verkefni Rannsóknaráðs skilgreind. Að mestu er fylgt fordæmi laganna frá 1965. Þó eru nokkur mikilvæg nýmæli þar sem verkefni ráðsins eru færð til samræmis við þá starfshætti og verkefnaval sem mótast hafa hjá Rannsóknaráði ríkisins á undanförunum árum.

Þannig er felldur niður 2. liður 8. gr. gildandi laga um athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina. Ekki er talið eðlilegt né þörf á því að fela Rannsóknaráði ríkisins sérstaklega slíkt rannsóknaverkefni, enda hafa á síðari árum

eflst stofnanir, eins og Iðntæknistofnun Íslands, sem í vaxandi mæli sinnir athugunum á nýtingu náttúruauðæfa landsins.

Nýmæli í grein þessari er gerð langtímaáætlunar um þróun hagnýtra rannsókna og þróunarstarfsemi. Er þetta í samræmi við starfshætti sem þegar hafa verið teknir upp. Mikilvægasta nýmælið er þó ákvæðið í 3. lið um úthlutun styrkja til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana úr Rannsóknasjóði skv. 18. gr.

Um 18. gr.

Með myndun Rannsóknasjóðs í vörslu Rannsóknaráðs er stigið mikilvægt skref í skipulagi vísinda- og tæknimála á Íslandi. Með því að taka á móti umsóknum og fá sérfróða menn til að meta þær er hægt að stuðla að margvíslegum umbótum í rannsóknamálum í landinu:

- Unnt er að hefja með stuttum fyrirvara rannsóknir á nýjum áhugaverðum sviðum.
- Hægt er að hvetja til samstarfs milli einstaklinga, stofnana og við atvinnulífið um rannsóknir og þróunarstarfsemi.
- Með skilyrðum um mótframlög er unnt að hvetja atvinnulífið til þátttöku í framkvæmd og fjármögnun rannsókna og laða fé í rannsóknir sem annars færi til annarra nota.
- Unnt er að auka samkeppni um fjármagn til rannsóknaverkefna og þannig hafa áhrif á vandaðri undirbúning verkefna og auknar kröfur um virkni og færni í framkvæmd rannsókna.

Rannsóknaráð hefur þrisvar fengið fé til úthlutunar með þessum hætti samkvæmt sérstakri ákvörðun ríkisstjórnarinnar árið 1985 og samkvæmt fjárlögum 1986 og 1987. Þegar hefur fengist mjög góð reynsla af þessu fyrirkomulagi í þá veru sem að ofan er lýst.

Sjóðnum eru ætlaðar tekjur eftir þremur leiðum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir árlegum fjárveitingum á fjárlögum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að allt að 10 af hundarði af hreinum tekjum Framkvæmdasjóðs Íslands renni í sjóðinn. Er hér farið eftir því fordæmi sem finna má í lögum um Seðlabanka Íslands, en hluti af arði bankans rennur í Vísindasjóð. Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að styrkir sem leiða til arðbærrar framleiðslu séu endurgreiddir með tekjum af einkaleyfum eða hagnaði af framleiðslunni. Samkvæmt endurskoðuðum fjárlögum 1986 var veitt 47,5 millj. kr. til sjóðsins. Stjórn Framkvæmdasjóðs veitti jafnframt 10 millj. kr. af hagnaði ársins 1985 sem var 35,5 millj. kr. Í fjárlögum 1987 nemur fjárveiting til Rannsóknasjóðsins 60 millj. kr.

Heimilt verður Rannsóknaráði að hafa frumkvæði um að bjóða styrki til ákveðinna rannsókna og að láta undirbúa eða skipuleggja verkefni á sviðum sem ráðið telur mikilvæg.

Nauðsynlegt verður að kveða nánar á um skipulag sjóðsins í reglugerð. Um samræmingu á milli styrkveitinga úr Rannsóknasjóði og Vísindasjóði, sem verður í vörslu Vísindaráðs, fjallar samstarfsnefnd rannsóknaráðanna skv. 20. gr. þessa frumvarps.

Um 19. gr.

Í hinum almennu ákvæðum laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá 1965 er í 59. og 60. (nú 61.) gr. getið um byggingar og athafnasvæði rannsóknastarfseminnar. Í þeim lögum er þó ekki getið um það hver skuli hafa forsjá Byggingarsjóðsins og standa fyrir framkvæmdum. Byggingaframkvæmdir á Keldnaholti, sem nú hýsa Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Iðntæknistofnun Íslands að hluta, hafa frá upphafi verið undir umsjón Rannsóknaráðs og framkvæmdastjóra þess og er gert ráð fyrir að svo verði áfram.

Fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir við byggingar og annan búnað fyrir rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna munu halda áfram og því þykir rétt að kveða á um vörslu og ráðstöfun Byggingarsjóðs rannsóknastarfseminnar í lögum.

Um 20. gr.

Í grein þessari er kveðið á um náið samstarf Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins. Er með þessu stefnt að því að koma á heildarsamræmi í skipan vísinda- og tæknimála í landinu, tryggja að ekki verði óþarfa skörun og að stjórnvöld geti fengið samræmd yfirlit og tillögur varðandi stefnumótun og framkvæmd í þessum málum. Gert er ráð fyrir að samstarf verði um rekstur skrifstofu og alla almenna upplýsingaöflun og miðlun upplýsinga um rannsóknastarfsemina í landinu, svo og móttöku umsókna til sjóðanna og reikningshald vegna þeirra. Með þessu á samræming á störfum að vera tryggð í reynd þótt Vísindaráð og Rannsóknaráð komi fram sem sjálfstæðar stofnanir.

Um 21. gr.

Með ákvæði þessu er stefnt að því að rannsóknaaðilar, hvort sem þeir eru opinberar stofnanir eða fyrirtæki, njóti sömu aðstöðu að því er varðar innflutning tækja til rannsókna vegna verkefna sem sjóðirnir styrkja. Til þessa hafa gilt ákvæði um toll- og söluskattsundanhágu til fyrirtækja í útflutnings- og samkeppnisgreinum atvinnulífsins, en opinberar stofnanir, m.a. þær sem þjóna slíkum greinum hafa þurft að borga toll og söluskatt af tækjum og búnaði sem þær flytja inn. Þar sem lögð er áhersla á samstarf fyrirtækja og stofnana um framkvæmd og fjármögnun rannsókna þykir óeðlilegt að þessir aðilar sitji ekki við sama borð í þessum efnum og að hið opinbera taki að hluta aftur með tollum og söluskatti það fé sem veitt er til rannsóknaverkefna.

Um 22. gr.

Parfnast ekki skýringar.

Um 23. gr.

Eignir Vísindasjóðs eru fyrst og fremst húseignin nr. 3 við Bárugötu sem sjóðurinn fékk að gjöf fyrir nokkrum árum.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæðið til bráðabirgða tryggir að ekki falli niður umboð allra meðlima Rannsóknaráðs á sama tíma en að eðlileg samfella verði í störfum ráðsins jafnframt því sem endurskipað er í ráðið að hluta.